til laga um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta enn fremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps, sem trygð er í brunabótasjóði, nemi aldrei meiru en $^1/_3$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Lög þessi takmarka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir $^5/_6$ alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 20 krónum í 2000 kr. húseign og meiri eða lausafje, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausalje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir »fari eigi fram úr 6000 kr.« í 4. gr. laganna komi:
fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir »þó hærra verði nemi en 6000 kr.« í 5. gr. laganna komi:
þó hærra verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess 1 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir 1 kr. á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna: »Nú er hús veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum« í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma er hann fer úr fjelaginu.

9. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra $^5/_6$ hluta allra hibýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

10. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið likur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

Á stæður.

Eins og kunnugt er hefir verðgildi peninga rýrnað stórkostlega síðustu árin. Það er því svo komið, að stærri sveitabæir verða ekki vátrygðir í brunabótasjóðum sveitarfjelaganna, vegna þess að virðingarverð þeirra fer yfir 6000 kr. Sanngirni virðist líka mæla með því, að sveitamenn fái að vátryggja lausafje sitt með sæmilegum kjörum, eins og kaupstaðabúar eiga nú kost á.